

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Isafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Isafirði um skýring á 3. gr. laga nr. 40, 10. nóv. 1903 um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskiveiðar á þilskipum.** Með brjefi, dags. 2. nóv. f. á., hafið þjer, herra sýslumaður og bæjarfógeti, beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um það, hvort reikna beri gjald það, sem ræðir um í 3. gr. laga nr. 40, 10. nóv. 1903 um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskiveiðar á þilskipum, nákvæmara en fyrir viku hverja, þannig að 3 dögum eða minna sje sleppt, en 4 dagar eða meira taldir full vika, meðþviáð tjeð lagagrein virðist eigi gjöra ráð fyrir minni vátryggingartíma en 1 viku. 1  
2. jan.

Útaf þessu skal yður hjer með til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að meðþviáð umrædd lög krefjast þess (sbr. 5. gr. laganna), að greidd sjeu iðgjöld fyrir allan skrásetningartímann, en hins vegar hvergi, hvorki beinlínis nje óbeinlínis, gjöra ráð fyrir styttri tímaeiningu við útreikning vátryggingargjaldsins en 1 viku, verður stjórnarráðið að telja rjett, að þegar lögskráningartíminn stendur eigi á rjetttri viku, þá sjeu þeir dagar, sem umfram eru, ávallt að þvi er gjald þetta snertir taldir heil vika.

**Brjef stjórnarráðsins til biskupsins yfir Íslandi um sölu kirkjujarðar.** Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans hátign konunginum 8. nóvember f. á. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess að selja megi jörðina Krók í Norðurárdalshreppi, sem heyrir undir Hvammsprestakall í Mýrprófastsdæmi, undan nefndu prestakalli fyrir 1200 kr., með þeim skilyrðum, að 200 kr. af verðinu greiðist þegar kaupin gjörast, að kaupandi gefi út skuldarbrjef fyrir 1000 kr. með fyrsta veðrjetti í jörðunni til tryggingar skilvísri greiðslu á skuldinni, sem greiðast skal með jöfnum afborgunum á næstu 10 árum eptir söluna, og kaupandi greiðir af  $4\frac{1}{2}\%$  árlega vöxtu, að fyrir jarðarverðið verði jafnóðum og það greiðist keypt bankavaxtabrjef veðdeildar Landsbankans, er skulu geymd hjá biskupi sem óskerðanlegur höfuðstóll Hvammsprestakalls, er presturinn þar njóti vaxtanna af að undanteknum 2 kr., er árlega leggjast við eign prestakallsins í Söfnunarsjóði Íslands, að stjórnarráðið riti á bankavaxtabrjefin ákvæði um að eigi megi afhenda þau og að jörðin verði framvegis skoðuð sem bænda eign að þvi er skatta og skyldur snertir. 2  
10. jan

6. dag febrúarmánaðar 1905.

Reykjavík. Isafoldarprentsmiðja.